

# Samþykkt fyrir atvinnu- og menningarnefnd

## Um verkefni atvinnu- og menningarnefndar

### 1. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd hefur umsjón með menningarmálum í sveitarfélaginu og fjallar um atvinnu-, markaðs- og kynningarmál í umboði bæjarstjórnar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

### 2. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um stefnumörkun, reglur og gjaldskrár á sviði menningarmála og á sviði atvinnu-, markaðs- og kynningarmála sveitarfélagsins, eftir því sem við á. Nefndin fylgist með því að stofnanir á hennar vegum vinni að settum reglum, veiti góða þjónustu og að starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.

### 3. gr.

Helstu verkefni nefndarinnar á sviði menningarmála eru:

1. stuðla að öfluggu menningarstarfi á Fljótsdalshéraðs og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði, m.a. með gerð sérstakra samstarfssamninga þar sem það á við,
2. hafa eftirlit með starfsemi og rekstri menningarstofnana á vegum Fljótsdalshéraðs,
3. fylgjast með starfsemi þeirra menningarstofnana sem njóta styrkja atvinnu- og menningarnefndar,
4. hafa umsjón með hátíðarhöldum á vegum sveitarfélagsins,
5. sjá til að til séu sem gleggstar upplýsingar um menningarstarfsemi á Fljótsdalshéraði og að íbúar hafi upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er,
6. hafa eftirlit með framkvæmd samninga sem gerðir eru við menntamálaráðuneytið um samstarf ríkisins og sveitarfélagsins um menningarmál á Fljótsdalshéraði,
7. hafa umsjón með félagsheimilum í sveitarfélaginu,
8. fara með þau störf sem stjórn bókasafna eru falin skv. 8. gr. bókasafnslaga,
9. gera tillögur um tilnefningu bæjarlistamanns eða listamenn sem hljóta eiga starfslaun skv. reglum Fljótsdalshéraðs þar um
10. að gera tillögur til bæjarstjórnar um staðarval og gerð nýrra mannvirkja sem ætluð eru til menningarstarfs.

Helstu verkefni nefndarinnar á sviði atvinnumála eru:

1. vinna að framgangi stefnu á sviði atvinnumála t.d. með gerð aðgerðaáætlunar í samráði við aðra hluta stjórnsýslunnar,

2. bera ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila í atvinnulífi þ.m.t. í ferðaþjónustu. Jafnframt ber nefndin ábyrgð á samstarfi við samtök atvinnulífs og ferðaþjónustu í landshlutanum,
3. gera tillögur um umbætur í starfsumhverfi fyrirtækja í sveitarfélaginu ásamt því að standa fyrir almennum fundum og málþingum um atvinnumál,
4. vinna í nánú samstarfi við þróunar- og nýsköpunarstofnanir í atvinnu- og ferðamálum á Austurlandi og á landsvísu,
5. halda utanum markaðs og kynningamál sveitafélagsins,
6. fara með umsjón Atvinnumálasjóðs Fljótsdalshéraðs og veita úr honum styrki.

#### 4. gr.

Atvinnumálasjóður Fljótsdalshéraðs-Fjárafli er sjóður í eigu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs og er markmið hans að að efla atvinnutengda starfsemi og búsetu á Fljótsdalshéraði í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og samþykktir þessar.

Yfirumsjón sjóðsins er í höndum bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, en daglegur rekstur og umsýsla er í höndum atvinnumálanefndar. Ábyrgð sveitarfélagsins skal ávallt vera innan þeirra marka sem kveðið er á um í 65. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og með síðari tíma breytingum.

Sjóðnum er ætlað að ná tilgangi sínum með eftirfarandi hætti:

- Að halda utan um hluti Fljótsdalshéraðs í undirfélögum eða fyrirtækjum sveitarfélagsins eftir því sem sjóðnum er falið.
- Veita styrki til verkefna einstaklinga, fyrirtækja og stofnana er lúta að atvinnusköpun og atvinnuþróun, hagnýtum rannsóknum og framþróun annarra samfélagsþátta sem áhrif geta haft á
- Veita sér styrki ( fjárafli) til verkefna einstaklinga, fyrirtækja er lýtur að atvinnusköpun og annarra samfélagsþátta í dreifbýli sveitafélagsins.
- Veita áhættulán og skuldabréfalán sem innifalið geta breytirétt í hlutafé. Lánin skulu bundin við nýsköpunarverkefni á sviði vöruþróunar, sókn á nýja markaði, tækniyfirfærslu milli fyrirtækja eða stofnun sprotafyrirtækja.
- Hlutfjárkaupum í fyrirtækjum sem eru til þess fallin að styrkja atvinnulíf sem fyrir er í sveitarfélaginu og/eða skapa ný störf sem auka atvinnumöguleika íbúa sveitarfélagsins.
- Stofnfjárframlögum til samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem hafa hlutverk er varðar hagsmuni íbúa, fyrirtækja eða stofnana í sveitarfélaginu.
- Auk þess sem að framan greinir er sjóðnum heimilt að veita verkefnum fjárhagslegan stuðning með öðrum viðurkenndum aðferðum sem kunna að verða teknar upp og eru notaðar á árangursríkan hátt í öðrum opinberum sjóðum með sambærilegt hlutverk.

#### **Tekjur sjóðsins**

Framlag frá Fljótsdalshéraði sem samþykkt er við gerð fjárhagsáætlunar að tillögu stjórnar sjóðsins. Vextir og verðbætur af innistæðum og útlánnum sjóðsins.

Arður af fjárfestingum sjóðsins.

Aðrar tekjur sem sjóðurinn kann að afla með starfsemi sinni, hlotnast með öðrum umsömdum framlögum, gjöfum eða öðrum hætti.

#### 5. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á sviði menningarmála, og atvinnumála, eins og við á og eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem löggin setja skyldur á herðar sveitarfélaga, m.a.:

- bókasafnslög,
- leiklistarlög,
- annarra lagasetninga Alþingis sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

#### 6. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd getur veitt styrki til menningarmála. Skulu slíkar styrkveitingar veittar í samræmi við reglur sem nefndin semur þar um.

#### 7. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd tilnefnir þrjá fulltrúa í stjórn Minjasafnsins, m.a. til að fara með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi safnsins. Einnig tilnefnir nefndin þrjá fulltrúa í fagráð Menningarmiðstöðvar Fljótshéraðs, í samstarfi við forstöðumann.

#### 8. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd starfar í samræmi við eftirfarandi samþykktir bæjarstjórnar Fljótshéraðs:

- A Stefnu Fljótshéraðs 2007 - 2027,
- B Jafnréttisstefnu Fljótshéraðs,
- C Aðrar samþykktir bæjarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi nefndarinnar.

### **Um skipan atvinnu- og menningarnefndar**

#### 9. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í atvinnu- og menningarnefnd til loka kjörtímabils og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann.

#### 10. gr.

Formaður atvinnu- og menningarnefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af

fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

#### 11. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd heldur að jafnaði 1 - 2 fundi í mánuði. Fundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

#### 12. gr.

Atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúi situr að jafnaði fundi atvinnu- og menningarnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal atvinnu- og menningarnefnd leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra embættismanna þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast öðrum deildum stjórnarsýslunnar. Forstöðumenn menningarstofnana hafa seturétt á fundum nefndarinnar þegar fjallað er um málefni viðkomandi stofnana. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa alltaf seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

### **Um yfirstjórn atvinnu- og menningar**

#### 13. gr.

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar, ræður atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúa og veitir honum lausn frá störfum í samráði við atvinnu- og menningarnefnd. Atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúi ræður í önnur störf á sviði menningarmála í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun.

#### 14. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til atvinnu- og menningarnefndar í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir hvert starfsár. Nefndin gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna atvinnu- og menningarmála. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar.

Atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúi leggur fyrir atvinnu- og menningarnefnd tillögur að starfsáætlun og fjárhagsáætlun, í samstarfi við fjármálastjóra, sem nefndin skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

#### 15. gr.

Formaður atvinnu- og menningarnefndar er í forsvari fyrir atvinnu- og menningarnefnd um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúi ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu málaflokksins, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

## Um fundarsköp atvinnu- og menningarnefndar

### 16. gr.

Um fundarsköp á fundum atvinnu- og menningarnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í atvinnu- og menningarnefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir atvinnu- og menningarnefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Atvinnu- og menningarnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða atvinnu- og menningarnefnd ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

### 17. gr.

Um ritun fundargerða atvinnu- og menningarnefndar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ritari atvinnu- og menningarnefndar skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

1. fundartíma og fundarstað,
2. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
3. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
4. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
5. stutta lýsingu á hverju fundarefni,
6. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
7. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúi ber ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í atvinnu- og menningarnefnd, um málalok.

### **Um hæfi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna**

#### 18. gr.

Um hæfi nefndarmanna atvinnu- og menningarnefndar gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 139/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Um hæfi starfsmanna nefndarinnar gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

#### 19. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi atvinnu- og menningarnefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

### **Málsmeðferðareglur atvinnu- og menningarnefndar**

#### 20. gr.

Við meðferð mála hjá atvinnu- og menningarnefnd er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Atvinnu- og menningarnefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum atvinnu-

og menningarnefndar áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun atvinnu- og menningarnefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Þó þarf ekki að rökstyðja afgreiðslu umsókna um styrki á sviði lista og menningar. Einnig skulu fylgja tilkynningunni leiðbeiningar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

### **Heimildir til fullnaðarákvarðana**

#### 21. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði hennar ef

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

#### 22. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd felur atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúa fullnaðarafgreiðslu mála sem hún hefur mótað reglur um og samþykktar hafa verið af bæjarstjórn.

### **Endurupptaka máls**

#### 23. gr.

Eftir að atvinnu- og menningarnefnd eða starfsmenn hennar hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

## **Stjórnsýslukæra**

24. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun menningar- og íþróttanefndar eða starfsmanna hennar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Þó er ekki hægt að kæra ákvarðanir um styrki til menningar- eða listastarfsemi.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar eða starfsmanna hennar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

## **Gildi samþykktarinnar**

25. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 5. nóvember 2014.